

14. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 21. gr. reglugerðar nr. 873/2001, um lánveitingar til leiguíbúða, ráðstöfun þeirra og rekstur, voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar þann 28. október 2003 og öðlast þegar gildi.

Syðra-Laugalandi, 14. nóvember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Eyjafjarðarsveit.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Leifsstaða í Eyjafjarðarsveit.

Breytingin felur í sér breytta aðkomu að lóðum nr. 8, 9 og 10. Jafnframt færast mörk þeirra um 10 metra til vesturs. Ný lóð, nr. 6, bætist við á svæðið.

Eyjafjarðarsveit, 14. nóvember 2003.

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 540/2001, um tímabundna endurgreiðslu 2/3 hluta virðisaukaskatts vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta þeir sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999 um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum fengið endurgreidda 2/3 hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur var/er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða 1. september 2000 til 31. desember 2005.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiðsluheimild skv. 1. gr. er bundin við hópferðabifreiðir, sem nýskráðar eru á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2005 og búnar eru aflvélum samkvæmt EUR02 staðli ESB, eða sambærilegum aflvélum. Með hópferðabifreiðum er átt við ökutæki sem aðallega er ætlað til fólksflutninga og skráð er fyrir 18 menn eða fleiri að meðtöldum ökumanni. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í ákvæði til bráðabirgða með lögum nr. 57/2001, um breyting á lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, með síðari breytingum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 20. nóvember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Vesturhraun 1 í Molduhrauni í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Vesturhraun 1 í Garðabæ. Í breytingunni felst að byggingarreitur hefur verið stækkaður.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 14. nóvember 2003.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

AUGLÝSING

**um skrár Rangárþings ytra skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Lagt fyrir hreppsráð 13. nóvember 2003 til samþykktar að viðhöfðu samráði við hlutaðeigandi stéttarfélög starfsmanna.

I. Listi yfir þau störf sem falla undir 6. - 7. tl. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Yfirstjórn:

sveitarstjóri

skrifstofustjóri

Félagsþjónusta:

félagsmálafulltrúi

Fræðslumál:

skólastjórar grunnskóla

skólastjórar leikskóla